

**FORSETABRÉF**  
**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til vegna áformaðra alþingiskosninga í september að kveðja Alþingi saman hið fyrsta til að lagfæra mistök sem urðu við þinglega meðferð og afgreiðslu lagaákvæða um listabókstaf stjórnmalasamtaka á nýliðnu vorþingi.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 6. júlí 2021 kl. 11.00.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Katrín Jakobsdóttir.*

A-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2021